

FUNDARGERÐ

Fundarritari: Þorbjörg Bjarnadóttir

Aðalfundur Foreldrafélags Verzlunarskóla Íslands

dd.mm.ár: 04.10.2011

Frá kl. : 18:30

Til kl. : 19:30

Veturinn 2010-2011

Árni stiklaði á stóru varðandi starf félagsins sl. vetur. Líkt og síðustu ár er helsta aðkoma foreldrafélagsins að vera til aðstoðar við gæslu fyrir utan dansleiki Verzlunarskólans. Á liðnum vetri fundaði foreldrafélagið með 3. bekkjarráði og forvarnarfulltrúum skólans vegna notkunar áfengismæla á dansleikjum skólans. Óskaði 3. bekkjarráð eftir þeim fundi. Félagið lagði til að kynning yrði fyrir foreldra á niðurstöðum könnunar á vegum Rannsóknar og greiningar – Fyrsta ölvunin.

Umræður

- Skólareglur Verzlunarskólans. Foreldrum þykja reglur strangar, sér í lagi vegna fjarveru, s.s. vegna veikinda eða andláts náins ættingja. Sú hugmynd kom fram að bera reglurnar saman við reglur annarra framhaldsskóla.
- Foreldrum þótti vanta upplýsingar inn á heimasíðu skólans um nýnemaferð, nýnemaviku og busaballið. Mætti koma fram á síðunni á hvaða tíma hver árgangur á að mæta á ballið og hvenær ballinu lýkur.
- Hvernig metur skólinn kennarana? Hvaða aðgang hefur foreldrafélagið að slíkum upplýsingum? Hvað er gert ef ítrekað er kvartað yfir kennara skólans?
- Spurt var hvort allir foreldrar fengju sendan póst frá foreldrafélaginu. Svo er ekki, sendur hefur verið póstur vegna raðargæslu á netföng sem félagið hefur safnað á kynningarfundum fyrir foreldra þriðjubekkinga. Skólinn hefur þó sent póst til foreldra vegna aðalfundar félagsins.

Ný stjórn foreldrafélagsins

Unnur Ágústsdóttir, Lena K. Lenhardsdóttir, Anna Stefanía Magnúsdóttir og Elín Thorarensen eru nýir meðlimir í stjórninni. Stjórnina skipa nú:

Anna Stefanía Magnúsdóttir (3. bekkur)

Árni Sv Mathiesen (5. bekkur)

Ásta Thorarensen (3. bekkur)

Elín Thorarensen (3. bekkur)

Guðrún Vala Ólafsdóttir (5. bekkur)

Guðrún H Theodórsdóttir (6. bekkur)

Hlaðgerður Íris Björnsdóttir (4. bekkur)

Lena K Lenhardsdóttir (3. bekkur)

Svanborg Ísberg (6. bekkur)

Unnur Ágústsdóttir (3. bekkur)

Þorbjörg Bjarnadóttir (6. bekkur)